

10. nóvember, 2025

Viðtakandi: Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Sendandi: Garðar Þorfinnsson, Trausti Jóhannesson

Yfirlit yfir uppgræðslur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi árið 2025


Með þessu minnisblaði vill Land og skógur upplýsa Skeiða- og Gnúpverjahrepp, um þær uppgræðslufrakvæmdir sem stofnunin fór í, í sveitarfélaginu árið 2025.

Land og skógur vann á þremur svæðum í sveitarfélaginu að uppgræðslu / endurheimt en þeir voru, Þjórsárdalur, Vikrar og Hafíð. Ekki er fjallað um verkefni í starfstöðinni á Skriðufelli eða verkefni sem unnin voru í skóginum í Þjórsárdal en þar var meðal annars unnið að úrvinnslu á viðarafurðum (t.d. flettingu timburs í ýmis verkefni, eldiviðargerð og kurlun), vegagerð, skógarhögg, endurnýjun girðinga ofl. Landbótafélag Gnúpverja vann einnig að landbótum við Sandafell og Rauðáog Afréttarmálafélag Flóa og skeiða vann að uppgræðslu inni á Vikrum.


Uppgræðsluaðgerðir og endurheimt birkiskóga

Í Þjórsárdal var kjötmjöli dreift á 149 ha (224 tonn) dreifing fór fram í vor og svo í haust, sjá kort 1. Hluti af því svæði sem kjötmjöli var dreift á, var innan afréttar Flóa- og Skeiða þar til að afréttargirðingin var færð norðar árið 2024, vegna framkvæmda við Rauðukamba. Rétt er að geta þess að svæðið er friðslýst en í friðlýsingunni segir: *Framkvæmdir, aðrar en vernd og endurheimt birkiskóga, sbr. 11. gr., á verndarsvæðinu eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar* endurheimtar birkis.“ Dreifing kjötmjöl á þessu svæði er einn liður í því að endurheimta birki á svæðin og af þeim sökum var ekki þörf á að fá leyfi til Umhverfisstofnunar, en starfsfólk Náttúruverndarstofnunar, sem nú hefur umsjá með svæðinu, var upplýst um málið. Kjötmjöl er lífrænn, seinleystur áburður sem reynst hefur mjög vel til uppgræðslu í Þjórsárdal og víðar síðustu ár. Kjötmjöl er unnið úr úrgangsefnum sem verða til við slátrun dýra og er verksmiðja Orkugerðarinnar staðsett í Hraungerði í Flóa. Áburðaráhrif kjötmjöl vara í a.m.k. þrjú ár. Dreift var um 1.500 kg/ha á þessu svæði.


Birki var gróðursett í 58 ha, samtals um 87.000 plöntur, birkið var gróðursett í lúpínubreiður sem og svæði sem fengu kjötmjöl haustið 2024 og vorið 2025, sjá kort 1 – 3.



Kort 1. Kjötmjölsdreifing og birkigróðursetning á Vikra frá Reykholti að Hallslaut.



Kort 2. Á Vikrum var kjötmjöli dreift í og við vikurnámu sem sáð var í upphaflega árið 2020, samtals um 20 ha (30 tonn). Töluvert fok hefur verið upp úr námunni yfir aðliggjandi uppgræðslusvæði sunnan við námuna. Markmiðið með uppgræðslunni var að koma í veg fok og bæta vaxtarskilyrði á nærliggjandi svæðum.



Kort 3. Á Hafinu var kjöttmjöli dreift á 76 ha alls 114 tonn. Svæði er friðað fyrir beit fyrri part sumars en hefur stundum verið beitt síðsumars.

Heildarstærð svæða sem unnið var á:

- Kjöttmjölsdreifing 245 ha (368 tonn)
- Gróðursetninga á birki, 58 ha, (87.000 stk)

Heildarkostnaður við uppgræðslu- og endurheimtaraðgerðir Lands og skógar í Skeiða og Gnúpverjahreppi á árinu 2025 var 43 mkr. með vsk en sundurliðun á kostaði má sjá í töflu 1.

Tafla 1. Yfirlit yfir kostnað við framkvæmdir LOGS í Skeiða og Gnúpverjahreppi				
Með vsk.				
	Eining	Einingaverð	Fjöldi	Samtals
Kjöttmjölsdreifing ¹	ha	108.943	245	26.690.957
Birki gróðursetning ²	stk	124	87.000	10.788.000
Umsjón ³	%	15		5.621.843
Samtals með vsk				43.100.800
Skýringar:				
¹ Kaup á mjöli, flutningur og dreifing				
² Kaup á birki, flutningur og gróðursetning				
³ Val á svæðum, úttekt á aðgerðum, skráning á aðgerðum ofl.				